

Upplýsingagjöf og fræðsla við leghálssýnatöku

Tilgangur

Að lýsa nauðsynlegri upplýsingagjöf til kvenna varðandi skimun fyrir leghálskrabbameini.

Ábyrgð

Sýnatökuaðilar bera ábyrgð á að veita upplýsingar í samræmi við þetta gæðaskjal.

Yfirlæknir Samhæfingarstöðvar krabbameinsskimana (SKS) ber ábyrgð á að innleiða samþykkt verklag.

Upplýsingagjöf og fræðsla

Við leghálssýnatöku er mikilvægt að veita upplýsingar um tilgang sýnatöku, framkvæmd, hvar og hvenær vænta má niðurstöðu.

Tilgangur / ástæða sýnatöku

Gott er byrja á að sannreyna ástæðu komunnar með því að vísa í skimunarsögu. Hér eru dæmi sem hægt er að nýta í upphafi komu:

Kona sem er að koma í reglubundna skimun	<i>Þú ert að koma í skimun. Ég sé að þú hefur komið reglulega og síðast þegar þú komst þá var eðlilegt sýni.</i>
Kona sem er að koma í eftirlit	<i>Þú ert að koma í eftirlit eftir keiluskurð... Þú ert að koma í eftirlit af því að síðasta sýni reyndist vera...</i>
Kona sem er að koma í skimun í fyrsta sinn	<i>Þú ert að koma í leghálsskimun í fyrsta sinn...</i>

Nánari upplýsingar

Gott er að veita upplýsingar um hvernig rannsókn er gerð á sýninu og hver næstu skref eru. Hér eru dæmi sem hægt er að nýta við upplýsingagjöf:

Skimanir	
Fyrsta koma	<i>Sýnið þitt verður skoðað m.t.t. HPV veirusmits (þarf að fara yfir smitleiðir og hvernig gangur smits getur verið) Ef niðurstaðan er eðlileg, færðu næst boð um skimun eftir 3/5 ár (fer eftir aldri). Ef niðurstaðan er ekki eðlileg, færðu upplýsingar um næstu skref.</i>
Skimun	<i>Sýnið þitt verður skoðað m.t.t. HPV veirusmits. Ef niðurstaðan er eðlileg, færðu næst boð um skimun eftir 3 / 5 ár (fer eftir aldri). Ef þú reynist vera með HPV verður gerð frumugreining á sýninu og þegar niðurstaða liggur fyrir færðu upplýsingar um næstu skref.</i>

Eftirlit	
Óháð aldri	<i>Sýnið þitt verður skoðað m.t.t. fyrri niðurstöðu og þú munt fá upplýsingar um næstu skref.....</i>

Veita þarf upplýsingar um hvenær og hvar vænta má niðurstöðu.

Tryggja þarf að upplýsingar um símanúmer séu skráðar í afgreiðslukerfi í Sögukerfinu og leiðbeina þarf um skráningu símanúmers á Heilsuveru til að fá tilkynningu þegar upplýsingar berast þangað inn.

Allar konur, óháð aldri og ástæðu sýnatöku
<i>Niðurstaðan ætti að vera komin innan 4 vikna og birtist á heilsuvera.is og island.is. Þú færð alltaf svar, hvort sem niðurstaðan er eðlileg eða óeðlileg. Þú getur alltaf haft samband við Samhæfingarstöð krabbameinsskimana (SKS) til að fá nánari skýringar og upplýsingar.</i>

Kona óskar eftir að taka nafn sitt af skimunarskrá

Ef kona óskar eftir því að fá ekki framfar boð um skimun má benda henni á að hafa samband við SKS í síma 513-6700 kl. 8:30-12:00 virka daga.